

Ed.

397. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, sildarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, brogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Ríkisstjórnin getur notað heimild þessa um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum úthlutun útflutningsleyfa og aðra framkvæmd laga þessara og sett um þetta nánari reglur eftir því, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lög-reglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnar-skrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegn-lega tjáð Oss, að vegna ýmsra viðskiptaörðugleika á erlendum markaði sé það komið í ljós, að óhjákvæmilegt muni verða að ríkisstjórnin, auk þeirrar ihlutunar, sem þegar á sér stað um sölu og útflutning síldar, annars fiskis og kjöts, af opinberri hálfu, fái heimild til svipaðrar ihlutunar um ýmsar aðrar útflutningsvörur landsmanna, sem sé hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur, skinn, ull og harðfisk.

Þar sem svo stendur á, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauð-syn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnar-skrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Ríkisstjórnin getur notað heimild þessa um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum úthlutun útflutningsleyfa og aðra framkvæmd laga þessara og sett um þetta nánari reglur eftir því, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lög-reglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 8. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.